



2010

Þjóðarspeggillinn

Vilja Íslendingar harðari refsingar en dómstólar?

Ágústa Edda Björnsdóttir
Helgi Gunnlaugsson

Félags- og mannvísindadeild
Ritstjórar: Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritrynd grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9979-9956-6-1



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Vilja Íslendingar harðari refsingar en dómstólar?

Ágústa Edda Björnsdóttir
Helgi Gunnlaugsson

Rannsóknir hafa sýnt að Íslendingar álíta refsingar of vægar hér á landi og ósjaldan heyrast gagnrýnisraddir vegna vægra dóma í einstökum málum. Miklu skiptir að dómaframkvæmd endurspegli réttarvitund almennings og því er brýnt að kanna afstöðu almennings á eins djúpan hátt og kostur er (Helgi Gunnlaugsson, 2008). Rannsóknin er hluti af norrænu samstarfsverkefni og er unnin hér á landi af Rannsóknastofu í afbrotufræði í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Greint verður frá niðurstöðum umræðna í rýnihópum um afbrot og refsingar í ákveðnum málum sem þátttakendur voru beðnir að dæma í. Auk þess eru dómur þeirra í þessum málum bornir saman við niðurstöður dómarahóps sem sérstaklega var settur saman fyrir rannsóknina. Valið var í 12 rýnihópa á grundvelli símakönnunar þar sem svarendur á höfuðborgarsvæðinu tóku afstöðu til nokkurra almennra staðhæfinga um afbrot og refsingar. Leitast var við að velja saman einstaklinga með ólík viðhorf til refsinga. Þeim var raðað í þrjá aldurshópa með eins jöfnu hlutfalli kynjanna í hópunum og kostur var.

Meginspurningin sem leitað er svara við er hvort afstaða borgaranna breytist eftir því sem nálægð við aðila málsins er meiri og þeir fá ítarlegri upplýsingar um afbrot og refsingar. Eykst refsigleðin við meiri nálægð og umræður eða dregur úr henni? Þá verður sérstaklega hugað að því hvort þátttakendur velji harðari refsingar en dómarahópurinn.

Afstaða almennings til refsinga

Rannsóknarverkefnið sem hér er greint frá er þýðingarmikið margra hluta vegna. Málefnið er samfélagslega brýnt og veldur ídulega deilum meðal borgaranna. Refsingar eru oft í brennidepli og því gjarnan haldið fram að þær séu of vægar og viðhorfs-mælingar dregnar fram því til staðfestingar (sjá t. d. Helgi Gunnlaugsson, 1998). Þess vegna er mikilvægt að málefnið sé rannsakað af eins mikilli dýpt og mögulegt er. Lögin og framkvæmd þeirra eiga að endurspeglja löggjöfina og réttarvitund borgaranna (Sutherland og Cressey, 1960) og þess vegna er mikilvægt að afstaðan sé mæld og metin af kostgæfni.

Á undanförunum árum hefur annar höfundanna staðið fyrir rannsóknum á viðhorfum Íslendinga til afbrota og refsinga (Helgi Gunnlaugsson, 2008). Niðurstöðurnar eru skýrar. Íslendingar telja refsingar of vægar; um það bil þrír af hverjum fjórum svarendum álíta refsingar helst til vægar eða allt of vægar og má greina vaxandi refsihörku á síðustu árum. Athyglisvert er að þegar áhyggjur af afbrotum eru mestar eru jafnframt flestir sem álíta refsingar of vægar. Fram hefur komið á síðustu árum að mun fleiri telja refsingar of vægar fyrir ofbeldisbrot, sér í lagi kynferðisbrot, en fyrir önnur brot. Óánægja almennings með dómaframkvæmd virðist því mikið til bundin við dóma í ofbeldis- og kynferðisbrotamálum frekar en aðra brotaflokkar (sjá t.d. Hæstiréttur og kynferðisbrot, 2007; Þyngri dómur fyrir kynferðisbrot, 2006 og Svala Ólafsdóttir, 2009). Ýmislegt bendir til þess að sjónarmið af þessu tagi hafi haft áhrif á dómstólana.

Fangelsisdómar hafa lengst á Íslandi á síðustu misserum, sér í lagi í ofbeldis- og kynferðisbrotamálum (sjá Ragnheiður Bragadóttir, 2009 og Fangelsismálastofnun ríkisins, 2010). Um það bil þriðjungi fleiri fá fangelsisdóm á Íslandi nú en fyrir um tíu árum og hlutfall þeirra sem fá lengri dóm en eitt ár óskilorðsbundið hefur vaxið um þriðjung, eða úr tólf prósentum í sextán prósent, af öllum fangelsisrefsingum. Tilfni fangavistar hafa einnig tekið breytingum. Fleiri sitja inni fyrir ofbeldis- og kynferðisbrot en nokkru sinni fyrr. Árið 2000 sátu um tuttugu prósent fanga inni fyrir ofbeldisbrot en árið 2009 hafði hlutfallið hækkað verulega, eða í tæplega 40 prósent allra fanga. Þessi þróun skýrist að einhverju leyti af fjölgun kynferðisbrotamála hjá lögreglu (Ríkislögreglustjórnin, 2010) en einnig í breyttri refsipólítík.

Þessi þróun er þekkt víða erlendis, m.a. á Norðurlöndum. Fangafjöldi hefur aukist á síðustu árum og dómar hafa þyngst. Refsiþyngd í hverju landi virðist þó ekki skipta miklu um afstöðu almennings til refsinga. Sem dæmi má taka Bandaríkin sem beita dauðarefsingum og margföldum lífstíðardómum, en almenningur þar telur refsingar samt of vægar (Kury og Ferdinand, 2008).

Skilgreining viðfangsefnis

Vandinn við margar viðhorfsmælingar sem styðjast við símakannanir er að þær gefa stundum yfirborðslega mynd af afstöðu borgaranna. Algengt er að spurt sé hvort refsingar séu almennt of vægar eða ekki. Ef svarendur telja þær of vægar er stundum spurt hvort þær séu allt of vægar eða helst til vægar (sjá t.d. Roberts og Stalans, 1997). Sjaldgæfara er að afstaða borgaranna sé mæld út frá upplýsingum um málavexti, ólíkum valkostum eða með áþreifanlegum dæmum af afbrotamálum. Spurningin er hvort almennar viðhorfsmælingar á afstöðu til refsinga skorti þá aðferðafræðilegu dýpt sem nauðsynlegt er að viðhafa til að mæla afstöðu borgaranna til refsinga með traustari hætti. Rannsóknir Flemmings Balvigs (2006) í Danmörku benda til þess að eftir því sem borgararnir fá meiri upplýsingar um afbrot og nálægðin eykst við einstök mál dragi úr refsigleði. Eitt meginmarkmið þessarar rannsóknar er að komast að því hvort svo sé.

Hér á landi hefur ekki áður verið rannsakað hver afstaðan til refsinga er þegar borgarinn stendur sjálfur frammi fyrir tilteknum dómsmálum, þar sem helstu upplýsingar liggja fyrir um brotið. Miðað við fyrri viðhorfsmælingar á afstöðu borgaranna til refsinga mætti búast við að svarendur kysu harðari refsingar en dómarar. Niðurstöðurnar eru fræðilega brýnar en ekki síður mikilvægar fyrir pólitíska stefnumótun í málaflokki afbrota og refsinga á Íslandi. Hér verður einungis greint frá afmörkuðum hluta rannsóknarinnar sem tengist rýnihópum og refsíákvörðunum dómara. Fyrst og fremst verður kannað hversu stór hluti þátttakenda í rýnihópunum velur óskilorðsbundnar fangelsisrefsingar og niðurstaðan borin saman við mat dómara í sömu málum. Sérstaklega verður skoðað hvort umræður í rýnihópunum og áhrif myndefnis frá réttarhaldi í málinu sem tekið er fyrir breyti afstöðu þátttakenda til refsinga.

Aðferðir og gögn

Í rannsókninni er ólíkum aðferðum beitt til að varpa skýrara ljósi á málefni afbrota og refsinga en áður hefur verið gert hér á landi. Í fyrsta lagi var framkvæmd símakönnun á afstöðu Íslendinga til afbrota og refsinga. Könnunin er í samræmi við margar fyrri mælingar á málefninu og var ætlað að mæla *almenna* tilfinningu borgaranna gagnvart málefninu og til að velja þátttakendur í rýnihópa. Í öðru lagi var framkvæmd póstkönnun þar sem þátttakendur tóku *upplýsta* ákvörðun um refsingar í tilteknum afbrotamálum út frá atvikalýsingu og upplýsingum um ólík refsíúrræði. Í þriðja lagi voru settir saman rýnihópar sem tóku afstöðu til eins *tiltekins* afbrotamáls úr póstkönnuninni. Þátttakendur horfðu á myndbrot af réttarhaldi, ræddu um ólíkar refsileiðir og tóku síðan ákvörðun um hvaða refsingu skyldi veita. Í fjórða lagi var haft samband við reyndan héraðsdómara sem setti saman hóp þriggja dómara sem tók afstöðu til sömu afbrotamála og tekin voru fyrir í póstkönnuninni út frá sömu upplýsingum og þátttakendur í henni fengu.

Í þessari grein verður kastljósinu fyrst og fremst beint að rýnihópunum og afstöðu dómarahópsins. Rýnihópar hafa ekki áður verið myndaðir til að ræða tiltekið afbrotamál og gaumgæfa ólík viðurlög og viðeigandi refsingu. Tildrög brotsins, skýringar, vitnisburður, upplýsingar um bakgrunn aðila, ólík viðurlög og tilgangur þeirra eru allt atriði sem rædd voru í rýnihópunum.

Bodað var í 12 rýnihópa eftir tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá meðal fólks á höfuðborgarsvæðinu. Val á þátttakendum byggðist á spurningum um menntun, starf og afstöðu þeirra til tveggja staðhæfinga um afbrot og refsingar. Skilyrði um menntun voru þau að þátttakendur máttu ekki hafa stundað nám í tengslum við lögfræði, sálfræði, fjölmiðla eða lögreglustörf. Auk þess máttu þátttakendur ekki hafa starfað við fjölmiðla, auglýsingagerð, markaðsrannsóknir, dómstóla eða í lögreglunni. Jafnframt var leitast við að þátttakendurnir hefðu svipaða afstöðu til refsinga og borgararnir almennt hafa í samfélaginu. Til að fullnægja því markmiði var stuðst við niðurstöður símakönnunar og þátttakendur valdir í hópana þannig að dreifing yrði svipuð og hún var meðal almennra borgara í símakönnuninni. Þátttakendur voru spurðir hvort þeir væru sammála eða ósammála fullyrðingunum: „að vera í fangelsi er næstum eins og að búa á hóteli, fangarnir hafa það alltof gott“ og „ég er almennt hlynnt(ur) því að afbrotamenn hljóti lengri fangelsisdóma“. Markmiðið var að mæla almenna tilfinningu borgaranna gagnvart málefni afbrota og refsinga. Þeir svarendur sem voru sammála fullyrðingunum töldust refsiglaðari en þeir sem voru ósammála fullyrðingunum. Þátttakendum var síðan skipt í þrjá aldurshópa með eins jafnri dreifingu í aldri og eins jöfnu hlutfalli kynjanna í hópunum og kostur var. Fjórir hópar voru haldnir í hverjum aldurshópi og voru þátttakendur alls 106. Hóparnir voru þessir:

1. Fólk á aldrinum 18-29 ára. Alls 33 einstaklingar, 20 konur og 13 karlar
2. Fólk á aldrinum 30-49 ára. Alls 35 einstaklingar, 17 konur og 18 karlar
3. Fólk á aldrinum 50-74 ára. Alls 38 einstaklingar, 19 konur og 19 karlar

Umræðurnar í rýnihópunum fóru fram í húsnæði Háskóla Íslands í maí og júní 2010 þar sem þátttakendur tóku þátt í opnum umræðum um hver væri tilhlýðileg refsing í tilteknu afbrotamáli. Í upphafi umræðnanna var brýnt fyrir þátttakendum að öll sjónarmið ættu jafnan rétt á sér. Fundarstjórinn var hlutlaus gagnvart ólíkum viðurlögum og hann gerði sig ekki út fyrir að vera sérfræðingur á sviðinu. Umræðuhóparnir hófust á því að þátttakendur svöruðu sama spurningalista og lagður var fyrir í póstkönnuninni (Spurningalisti 1). Í spurningalistanum var sex ólíkum afbrotamálum lýst og þátttakendur beðnir um að dæma í þeim. Afbrotin sem þátttakendur voru þannig beðnir um að dæma í voru heimilisofbeldi, fíkniefnasmygl, rán, nauðgun,

fjárdráttur og götuofbeldi. Í öllum málunum var um fyrsta brot sakbornings að ræða og sekt hans var ljós. Þátttakendur byrjuðu á að lesa stutt yfirlit refsleiða og dæmdu síðan fyrir hvert málanna eins og þeir teldu að dómstólar myndu dæma, eins og þeir sjálfir myndu dæma og að síðustu eins og þeir héldu að Íslendingar almennt myndu dæma. Þátttakendur gátu valið um óskilorðsbundið fangelsi, skilorðsbundna refsingu, sekt, sáttaumleitan, samfélagsþjónustu, rafrænt eftirlit, meðferð og miskabætur til fórnarlamb afbrota. Þá gátu þátttakendur einnig ákvarðað tímalengd refsingar þegar það átti við og þeir máttu velja að hámarki tvær refsleiðir fyrir hvert mál. Í framhaldi horfðu þátttakendur á myndbrot af réttarhaldi (14-24 mínútur). Myndbrotið sýndi frá réttarhaldi í einu af málunum sex sem tekin voru fyrir í spurningalistanum. Myndin var gerð í réttarsal í Kaupmannahöfn með hjálp sérfræðinga á sviði dómsmála þar sem fram komu starfandi verjendur og dómáramur við raunverulegar aðstæður. Ákærði, fórnarlamb og vitni voru lærðir leikarar. Töluð var danska en íslenskur undirtexti fylgdi með.

Málin sem tekin voru fyrir í rýnihópunum voru fjögur af þeim sex afbrotamálum sem tekin voru fyrir í póstkönnuninni og teljast öll alvarleg. Þau fólu í sér smygl á heróíni, vopnað búðarrán, nauðgun og götuofbeldi. Ljóst var að sakborningurinn hafði framið glæpin og að um fyrsta brot hans væri að ræða. Að lokinni sýningu myndarinnar fylltu svarendur út annan spurningalista um mat sitt á tilhlýðilegri refsingu yfir hinum ákærða í myndinni sem þeir voru að horfa á (Spurningalisti 2). Að því loknu var umræða í hópunum um kosti og galla ólíkra refsinga yfir hinum ákærða án þess að hópurinn kæmist endilega að sömu niðurstöðu. Að síðustu svöruðu þátttakendur spurningalistanum aftur um það hvaða refsing væri tilhlýðileg yfir hinum ákærða í myndbrotinu (Spurningalisti 3). Þá tóku við stuttar umræður um hvort dómur þátttakenda hefði breyst frá því að þeir svöruðu fyrsta spurningalistanum fyrir sýningu myndbandsins.


Annar hluti rannsóknarinnar fólst í því að fengnir voru þrír reyndir héraðsdómarar til að dæma í sömu málum og þátttakendur í rýnihópunum. Þeir fengu lýsingar á afbrotamálunum sex sem þátttakendur áttu að svara spurningum um í upphafi umræðufundanna auk lýsinga á brotamönnunum og bakgrunni þeirra í hverju tilfalli. Dómarateymið tók málin fyrir líkt og um raunveruleg mál væri að ræða og kváðu upp dóm samkvæmt íslenskum lögum og réttarvenjum.

Með því að beita þessari aðferð var leitast við að svara spurningum eins og; Hver er afstaða borgararanna þegar þeir standa frammi fyrir að dæma í máli þar sem þeir hafa svipaðar upplýsingar og dómáramur yfirleitt hafa? Hvaða dóm telja þeir að íslenskir dómstólar myndu kveða upp? Hvernig telja þeir að íslenskur almenningur myndi dæma? Þá var sérstaklega kannað hversu margir þátttakenda vildu dæma afbrotamennina í óskilorðsbundið fangelsi.

Niðurstöður

Á mynd 1 kemur fram að tæplega 60% þátttakenda töldu í byrjun fundanna að óskilorðsbundin refsing yrði niðurstaðan hjá íslenskum dómstóli. Tæplega 40% töldu því að dómstólar myndu ákvarða aðra refsingu en vist í fangelsi. Heldur fleiri vildu sjálfir dæma brotamanninn í óskilorðsbundna fangavist og sama hlutfall áleit að almenningur væri sama sinnis eða um tveir af hverjum þremur þátttakendum. Eftir sýningu myndarinnar af réttarhaldinu dró hins vegar úr fjölda þeirra sem áleit að dómstólar myndu dæma viðkomandi í fangelsi. Sömuleiðis fækkaði þeim sem sjálfir völdu fangavist. Tæpur helmingur þátttakenda vildi nú sjá viðkomandi í fangelsi og sama hlutfall áleit dómstóla kveða upp það sama.

Fíkniefnasmygl




Mynd 1. Hlutfall þátttakanda í rýnihópum sem valdi óskilorðsbundna fangelsisvist Brotamaðurinn var 34 ára karl sem lengi hafði misnotað fíkniefni en ekki hlotið dóm áður. Dómarateymið dæmdi viðkomandi í þriggja ára óskilorðsbundið fangelsi

Mat þeirra á hvað almenningur myndi dæma breyttist aftur á móti ekki. Eftir umræðurnar í hópnum breyttist afstaðan hins vegar verulega. Einungis rúmur fimmtungur áleit nú að dómstólar myndu kveða upp óskilorðsbundinn fangelsisdóm en heldur fleiri eða þriðjungur þátttakenda vildi sjá viðkomandi brotamann í fangelsi. Þá taldi um þriðjungur svarenda að almenningur myndi kjósa óskilorðsbundið fangelsi.

Af þeim þátttakendum sem völdu óskilorðsbundið fangelsi í byrjun rýnifundanna vildu tæplega 30% að brotamaðurinn yrði dæmdur til þriggja ára fangelsis eða lengur. Aðrir vildu styttri vistunartíma í fangelsi. Að lokinni sýningu myndarinnar og eftir umræðurnar hafði þeim sem völdu vist í fangelsi fækkað um nær helming. Langflestir þeirra völdu nú fangelsisvist í skemmri tíma en þrjú ár sem var sú niðurstaða sem dómararnir komust að.


Vopnað búðarrán



Mynd 2. Hlutfall þátttakenda í rýnihópum sem valdi óskilorðsbundna fangelsisrefsingu Brotamaðurinn er 28 ára karl sem notar fíkniefni af og til en hefur ekki hlotið dóm áður. Dómarateymið dæmdi viðkomandi til 18 mánaða óskilorðsbundinnar refsingar

Á mynd 2 kemur fram að 65% þátttakendanna áleit að brotamaðurinn í ráns málinu fengi óskilorðsbundinn fangelsisdóm hjá dómstólum en aðeins færri völdu sjálfir þá refsingu eða 62%. Heldur fleiri eða 73% töldu að almenningur myndi dæma viðkomandi til vistar í fangelsi. Eftir sýningu myndarinnar voru eilítið færri eða 58% sem álitu að viðkomandi yrði dæmdur til fangelsisvistar hjá dómstólum. Ögn fleiri eða 65% völdu sjálfir fangelsisdóm og sama hlutfall taldi almenning einnig myndu gera það. Eftir umræðurnar í rýnihópunum áttu sér aftur á móti stað miklar breytingar líkt og í fíkniefnamálinu. Einungis tæplega þriðjungur taldi þá að dómstólar myndu kveða upp óskilorðsbundinn fangelsisdóm en heldur fleiri vildu sjálfir sjá viðkomandi í fangelsi eða 39% þátttakenda. Svipað hlutfall eða 40% áleit að almenningur myndi kveða upp samsvarandi dóm.

Af þeim þátttakendum sem í upphafi umræðufundarins töldu óskilorðsbundna refsingu viðeigandi í ráns málinu vildi tæplega helmingur sjá brotamanninn í fangelsi í tvö ár eða lengur. Niðurstaða dómaranna var hins vegar 18 mánaða fangelsi eða talsvert vægari en þessa svarendahóps. Eftir sýningu myndarinnar og umræður fækkaði þeim aftur á móti sem vildu sjá óskilorðsbundna fangelsisrefsingu um þriðjung. Sömu leiðis dró úr refsilyngdinni en rúmur þriðjungur þeirra sem nú vildu fangelsisrefsingu valdi tveggja ára fangelsisvist eða lengri.




Mynd 3. Hlutfall þátttakenda í rýnihópum sem valdi óskilorðsbundna fangelsisrefsingu Brotamaðurinn var 28 ára karl sem ekki hafði áður hlotið dóm. Dómarateymið dæmdi viðkomandi í 21/2 árs óskilorðsbundið fangelsi

Á mynd 3 kemur fram að 44% þátttakenda töldu að dómstólar myndu dæma brotamanninn í nauðgunarmálinu til óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar. Heldur fleiri eða 54% hefðu sjálfir dæmt hann í fangelsi og 75% svarenda álitu að almenningur myndi gera slíkt hið sama. Eftir sýningu myndarinnar dró úr refsihörku. Rúmur þriðjungur áleit að dómstólar myndu dæma viðkomandi til fangelsisvistar en tæpur helmingur vildi sjálfur gera það. Mat á því hvað almenningur myndi gera breyttist lítið. Eftir umræður um kosti og galla ólíkra viðurlaga dró enn úr refsihörku. Einungis 19% álitu nú að dómstólar myndu dæma brotamanninn til fangelsisvistar en rúm 40% vildu sjálf dæma hann í fangelsi. Heldur hafði dregið úr fjölda þeirra sem áleit að almenningur myndi dæma viðkomandi í fangelsi og voru það nú rúm 40% þátttakenda sem töldu svo.

Af þeim sem völdu fangelsisrefsingu í nauðgunarmálinu í byrjun fundanna vildu um tveir af hverjum þremur að brotamaðurinn fengi 2ja ára vist í fangelsi eða meira – eða mjög svipaðan dóm og dómararnir höfðu kveðið upp. Aðrir vildu styttri tíma í fangelsi. Eftir sýningu myndarinnar og umræðurnar í hópunum hafði þeim sem vildu fangelsisrefsingu fækkað lítillega. Refsitíminn styttist þó verulega og vildu nú allir 2ja ára refsingu í fangelsi eða minna, þar af fjórðungur í eitt til tvö ár.

Götuofbeldi



Mynd 4. Hlutfall þátttakenda í rýnihópum sem valdi óskilorðsbundna fangelsisrefsingu Brotamaðurinn var 27 ára karl, nemandi, sem misnotaði ekki áfengis- og fíkniefni. Hann hafði ekki hlotið dóm áður. Dómarateymið dæmdi brotamanninn í 8 mánaða óskilorðsbundið fangelsi

Á mynd 4 kemur fram að tæplega 40% þátttakenda álitu í byrjun fundarins að dómstólar myndu dæma viðkomandi brotamann til fangelsisrefsingar fyrir götuofbeldið en heldur færri eða rúmlega 30% vildu sjálfir úrskurða svo. Töluvert fleiri, eða helmingur þátttakenda, áleit að almenningur myndi dæma brotamanninn til vistar í fangelsi. Eftir sýningu myndarinnar dró úr refsihörku líkt og áður. Rúmur fjórðungur áleit að dómstólar myndu dæma viðkomandi í fangelsi en aðeins 19% vildu nú sjálfir gera það. Nokkuð fleiri eða rúmur þriðjungur taldi að almenningur myndi dæma brotamanninn í fangelsi. Að loknum umræðum dró aftur úr refsihörku. Aðeins 12% töldu nú að dómstólar myndu kveða upp refsivist í fangelsi yfir viðkomandi en ögn fleiri eða 15% voru sjálfir sama sinnis. Tæpur fjórðungur þátttakendanna áleit að almenningur myndi kveða upp óskilorðsbundna fangelsisvist yfir ofbeldismanninum.

Í byrjun fundarins vildi tæpur helmingur þeirra sem valdi óskilorðsbundna fangelsisvist að brotamaðurinn yrði dæmdur í 2 til 3 ár í fangelsi sem er talsvert þyngri dómur en sú niðurstaða sem dómararnir komust að (18 mánuðir). Aðrir dreifðust en að langmestu leyti á styttri fangelsisdóma. Eftir sýningu myndarinnar og umræður fækkaði þeim sem völdu fangelsisvist um meira en helming og dreifðust þeir mjög hvað varðar lengd refsitímans.

Umræða

Á síðustu árum hafa refsingar þyngst á Íslandi og föngum fjölgað mjög. Þessi þróun virðist vera í takti við almenningsálitið. Viðhorfsmælingar hafa löngum sýnt að Íslendingar telja refsingar of vægar, sér í lagi fyrir ofbeldisbrot.

Hér á undan var greint frá niðurstöðum tólf rýnihópa sem settir voru saman á höfuðborgarsvæðinu í maí og júní fyrir á þessu ári. Niðurstöðurnar eru skýrar. Í brotamálunum fjórum er ljóst að þátttakendur vanmeta í heildina refsíþyngd dómstóla. Þeir telja að dómstólarnir séu vægari en þeir í raun og veru eru samkvæmt niðurstöðum dómarahópsins í afbrotamálunum fjórum. Óskilorðsbundin fangelsisrefsing er niðurstaða dómarahópsins í öllum málunum. Þegar málin fjögur eru skoðuð má sjá að í

byrjun fundanna eru einungis á bilinu 40-65% þátttakenda sammála því mati. Á þeim tímapi punkti vill að jafnaði um þriðjungur til helmingur sjá þyngri fangelsisrefsingu en dómarnir ákváðu, aðrir vilja styttri dóma. Að lokinni sýningu myndarinnar dregur úr refsihörku þátttakenda og enn frekar eftir umræðurnar í hópunum um afbrot og refsingar. Eftir þær töldu einungis um 12-31% þátttakenda að dómstólar myndu dæma brotamennina til óskilorðsbundinnar fangelsisvistar. Nokkuð fleiri vildu sjálfir sjá slíka refsingu eða á bilinu 15-41% allra þátttakenda. Hæsta hlutfallið var í nauðgunarmálinu (41%) og næsthæst í búðarránsmálinu (39%). Það gæti bent til þess að ofbeldisbrot eigi að mati þátttakenda að fela í sér þyngri refsingar en önnur brot. Afstaðan til götuofbeldisins gengur reyndar gegn þeirri tilgátu. Í hópunum sem fjölluðu um ofbeldismálið sögðust aðeins 15% þátttakenda vilja sjá viðkomandi geranda í fangelsi eftir að hafa horft á myndbandið og tekið þátt í umræðum.

Athyglisvert er að þátttakendur vanmeta mest refsingar dómstóla í nauðgunarmálinu. Í lokin töldu aðeins 19% þátttakenda að dómstólar myndu dæma viðkomandi í fangelsisvist en 41% vildu það sjálfir. Hugsanlega endurspeglar þetta breiða bil milli eigin afstöðu og mats þeirra á dómstólum umræðuna í samfélaginu sem einkennist oft af því að dómarnir í kynferðisbrotamálum eru taldir of vægir. Þátttakendur hafa því tilhneigingu til að álíta að dómstólar muni taka vægt á málinu og mun vægar en þeir sjálfir myndu vilja gera. En eins og fram kom fól mat dómarnanna í sér þyngri refsingar í öllum málunum en mat flestra þátttakenda í rýnihópunum.

Sú afstaða sem felur í sér að refsingar séu of vægar endurspeglar vafalítið almenn hughrif og tilfinningu borgaranna gagnvart refsíákvörðunum dómstóla. Með svörum sínum að refsingar séu of vægar eru borgarnir án vafa að tjá vanþóknun sína á afbrotum og sýna að þeim sé ekki sama. Svar um að dómstólar séu of harðir mætti jafnvel túlka sem ákveðið skeytingarleysi svarenda gagnvart þolendum brota og þjáningu þeirra. Fáir vilja láta túlka svör sín með þeim hætti. Eigi að síður er alveg ljóst að Íslendingar vilja að brotamenn gjaldi fyrir brot sín en með fjölbreyttari úrræðum en almennt hefur tíðkast hjá okkur. Þegar ólíkar refsileiðir voru ræddar í hópunum var töluvert fjallað um tilgang refsinga. Mikill meirihluti þátttakenda var þeirrar skoðunar að refsingar ættu að bæta afbrotamenn og gera þá að betri samfélagsþegnum. Flestir voru á því að langir fangelsisdómar þjónuðu ekki þeim tilgangi. Þátttakendur vildu því í auknum mæli sjá viðurlög í formi meðferðar, bóta til þolenda, sekta, sáttamiðlunar og jafnvel rafrænt eftirlit, auk hefðbundinna fangelsisrefsinga. Meginniðurstaða rannsóknarinnar er að upplýsingagjöf, aukin nálægð borgaranna við málsaðila og málsatvik, auk umræðna um málið, dregur úr refsigleði. Ekki er því sjálfgefið að borgarnir líti á lengri fangelsisrefsingar sem lausn á afbrotavandanum. Í umræðunum kom fram sú skoðun að nýta megi fleiri leiðir í ríkari mæli en gert er gert nú.

Við vonum að rannsóknin hvetji til málefnalegrar umræðu um afbrot og refsingar í samfélaginu. Sú skylda ætti að hvíla á dómstólum og sérfræðingum á sviðinu að skýra út fyrir almenningi málsmeðferðina í réttarkerfinu, ekki endilega í ljósi einstakra dóma, heldur út frá dómvenjum og réttarheimspeki þeirra. Uppfræða verður borgarana bæði um mikilvægi og takmarkanir dómstóla. Lögin og framkvæmd þeirra eiga að endurspeglar réttarvitund borgaranna og þess vegna er mikilvægt að einnig sé leitast við að móta og uppfræða þá vitund, skýra fyrir þjóðinni hin réttarfarslegu viðbrögð og ástæður þeirra. Mikil þörf virðist á því samkvæmt rannsókn okkar. Ekki síður ætti að taka mið af því sem borgarnir hafa um málið að segja.

Heimildir

- Balvig, F. (2006). *Danskernes syn på straf*. Kaupmannahöfn: Advokatsamfundet.
- Fangelsismálastofnun ríkisins. (2010). Ársskýrslur. Sótt 17. ágúst 2010 af <http://www.fangelsi.is/>
- Helgi Gunnlaugsson. (2008). *Afbrot á Íslandi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hæstiréttur og kynferðisbrot. (2007, 15. september). *Morgunblaðið*, bls. 28.
- Kury, H. og Ferdinand T. N. (2008). *International Perspectives on Punitivity*. Bochum: Brockmeyer University Press.
- Ragnheiður Bragadóttir. (2009). *Kynferðisbrot: Dómabók*. Reykjavík: Codex.
- Ríkislögreglustjórnin. (2010, september). *Ársskýrslur RLS*. Sótt 20. september 2010 af http://www.logreglan.is/display.asp?cat_id=342
- Roberts, J. V. og Stalans, L. H. (1997). *Public opinion, crime and criminal justice*. Boulder Colorado: Westview Press.
- Sutherland, E. H. og Cressey, D. R. (1960). *Criminology*. Philadelphia: Lippincott.
- Svala Ólafsdóttir. (2009). *Auðgínt er barn í bernsku sinni: afnám fyrningarfrests alvarlegra kynferðisbrota gegn börnum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þyngri dómur fyrir kynferðisafbrot. (2006, 14. febrúar). Sótt 17. ágúst 2010 af <http://www.visir.is/article/200660214023>